



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

1. Skipulag fundar

Heiti fundar: 20. fundur aðalstjórnar
Fundarstjóri: Davíð Þór Sigurðarson
Fundarritari: Davíð Þór Sigurðarson

Dagsetning: 14.10. 2012
Staður: Hettan
Tími : 17:00

Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn
Svanhvít Antonisdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar	Michal Janicek, formaður Tennis og badmintondeildar
Anna Alexandersdóttir, formaður fimleikadeildar	Lovísa Hreinsdóttir, formaður Blakdeildar
Árni Ólason, formaður fótboltadeildar	Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar
Hjálmar Elíesersson, formaður Taekwondo	

Fjarverandi:

Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn	
Ágúst Margeirsson, formaður sunddeildar	

2. Markmið fundar

Kynning á vinnu er varðar samninga við Flugfélag Íslands og sveitarfélagið. Einnig farið yfir skipulag er varðar Hattarvörur.

Tvö erindi tekin fyrir frá knattspyrnudeild og körfuboltadeild.

3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Tímar í íþróttahúsi – skilað af fótbolta	Davíð	10
Erindi körfuboltadeildar	Davíð	10
Erindi knattspyrnudeildar	Davíð	10
Skýrsla um ferðastyrki	Davíð	10
Fánastangir	Davíð	5
Félagsgjöld og fréttabréf Hattar	Davíð	5
Hattarvörur	Davíð	10
Merkingar á íþróttahús	Davíð	10
Samningur við Fljótshérað	Davíð	10
Samningur við Flugfélag Íslands	Davíð	10



Fundargerð
Íþróttafélagið Höttur





Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

4. Helstu umræður

Tímar í íþróttahúsi

Knattspyrnudeild hefur skilað af sér tímum í íþróttahúsinu á laugardögum og sunnudögum. Samtals eru þetta 3 tímar. Deildum er frjálst að skoða möguleika á nýtingu á þessum tímum. Magnús fyrir hönd körfuboltadeildar ætlar að kanna þetta frekar.

Erindi körfuboltadeildar

Ósk um samþykki fyrir yfirdráttarheimild hjá Arion um 1 milljón fram að áramótum. Áætlað er að reka deildina með eins milljón króna afgangi á komandi starfsári og á að nota það til að greiða niður skuldir. Reksturinn lítur vel út og hafa skuldir lækkað. Magnús hélt stutta tölu vegna þessa.

Erindi knattspyrnudeildar frá tenglaráði

Bókun frá fundi tenglaráðs um strætamál:

Það fer að verða áriðandi af vita stefnuna í strætómálum, hvort hann eigi að ganga eftir áramót. Það er mjög bagalegt að málefni almenningsgangna séu í lausu lofti.

Októberfundur tenglaráðs knattspyrnudeildar Hattar skorar hér með á fulltrúa aðalstjórnar Hattar að þeir komi á fundi með æðstu stjórnendum sveitarfélagsins og lýsi því td í tölum, hverju það skiptir fyrir íþróttastarf Hattar að hafa strætó úfram og helst gjaldfrjálsan. Þetta er sannkallað hagsmunamál fyrir alla þessa ca 700 iðkendur í Hetti og þá þeirra foreldra.

Árni hélt stutta tölu um þetta mál.

Skýrsla um ferðastyrki

Skýrsla um yfirlit ferðastyrkja frá ÍSÍ skoðuð og rædd. Búið er að samþykkja auka fjárveitingu fyrir næsta ár en sjóðurinn hefur um 50 milljónir til úthlutunar. Höttur var í 5. Sæti yfir styrkfjárhæðir 2011 og 4. Stæði 2010. Skýrslan verður sett inn á heimasíðu félagsins.

Fánastangir

Búið er að setja upp 5 fánastangir fyrir framan Hettuna á kostnað íþróttafélagsins. Þetta var meðal annars gert með styrkjum frá Byko og Alcoa samhliða Hattardeginum 2011. Umsókn vegna fánastangar fyrir ofan Vilhjálmsvöll var samþykkt af sveitarfélaginu og þarf frekari útfærslu með skipulagsfulltrúa. Þessi vinna verður framkvæmd í byrjun sumars 2013. Stefnt verður að staðsetning sé á klettum fyrir ofan völlinn og þar sé alltaf uppi Hattarfáni og unnið verði að lýsingu á stöngina frá ljósastaurum á vellinum.

Félagsgjöld og fréttabréf



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Vinna er hafin við vinnslu á fréttabréfi og sendingu félagsgjalda vegna 2012. Deildir eru kvattar til að senda inn efni í fréttabréfið sem verður dreift í öll hús á Fljótsdalshéraði.

Hattarvörur

Jako fatnaður merktur Hetti hefur verið settur upp af Topphlutum og er hægt að nálgast allar þær vörur frá Jako í gegnum verslun þeirra á Egilsstöðum. Tekin var ákvörðun um að auglýsa allavega 1 sinni að Hattarvörurnar væru þar og var fómanni falið það.

Einnig var tekið fyrir ósk körfuboltadeildar að kaupa sessur sem eru merktar félaginu og verða seldar. Einnig óskað eftir því hvaða deildir vilja selja könnur og penna merktum Hetti. Óskum skal skila inn til formanns sem fyrst. Aðalstjórn mun halda áfram stuðningi við að fjármagna vörur tengdum Hetti.

Þær vörur sem verður því hægt að kaupa fljótlega eru:

Pennar – 500 kr

Könnur – 2.000 kr

Sessur – 2.000 kr

Bílfánar – 2.000 kr

Allar þessar vörur verða einnig seldar hjá Topphlutum.

Merkingar á íþróttahús

Formaður fór yfir mál tengdum merkingum á íþróttahúsið á Egilsstöðum og afstöðu Hattar í því máli. Búið var að taka fyrir málið hjá sveitarfélaginu eftir fraumkvæðið frá Hetti um merkingu á húsinu sjálfu. Höttur vann að því að merking með nafni félagsins og logoi yrði sett á vegg íþróttahúsins. Þetta var ekki samþykkt og var ákveðið að bóka eftirfarandi vegna þessa máls:

Aðalstjórn Hattar skorar á sveitarfélagið að verða að kröfum Hattar um merkingu með nafni félagsins á mannvirki sveitarfélagsins. Mikilvægt er að búa til þá sýn að íþróttahúsið á Egilsstöðum er heimavöllur félagsins og eitt af þeim mannvirkjum sem félagið rekur starf sitt allt árið um kring.

Formanni er falið að vinna málið frekar gagnvart sveitarfélaginu.

Magnús benti á þá staðreynd að lítið væri um tengingu við íþróttafélagið og hjá öðrum félögum væri mikil tenging með nafni eða bikurum félagsins í andyri hússins.

Samningur við Fljótsdalshérað

Formaður gerði grein fyrir stöðu samningaviðræðna við sveitarfélagið. Nokkur atriði er varðar frekari kröfur Hattar gegn sveitarfélaginu eru til umræðu. Meðal þess er gjaldtaka á deildir Hattar vegna tíma í íþróttahúsum sveitarfélagsins. Ósk er um að komið verði til móts við þær deildir með ákveðnum hætti. Einnig er til skoðunar vísitölutenging sem var afnumin vegna erfiðara stöðu sveitarfélagsins fyrir 4 árum.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Eindregin ósk deilda um fyrirkomulag í nýjum samningi er varðar notkun á líkamsræktarsal fyrir leikmenn félagsins. Ákveðnar hugmyndir voru settar fram um hvernig fyrirkomulag samnings gæti verið. Því verður komið á framfæri við sveitarfélagið til frekari skoðunar.

Samningur við Flugfélag Íslands

Formaður fór yfir drög af samningi við Flugfélag Íslands og umræður um innihald samningsins. Ákveðið var að samþykkja fyrirlyggjandi drögu um samning og formanni falið að klára málið.

5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Erindi körfuboltadeildar fyrir heimild til yfirdráttar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Erindi knattspyrnudeildar samþykkt og bókun gerð um að formaður Hattar skuli koma á fundi með sveitarfélaginu.

Bókun vegna merkingarmála á íþróttahúsinu á Egilsstöðum og þá afstöðu félagsins að húsið eigi að bera nafn félagsins ásamt merki.

6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.
Senda út töflu eftir að tímabreyting var gerð	Davíð		1.nov
Erindi körfuboltadeildar – Senda samþykki til Arion	Davíð		20.okt
Erindi knattspyrnudeildar – Koma á fundi með sveitarfél.	Davíð		1.nov
Vinna við fréttabréf og félagsgjöld	Davíð		15.nov
Auglýsing – Hattarvörur	Davíð		25.okt
Ljúka samning við Flugfélag Íslands	Davíð		1.nov

Fundi slitið Kl. 19:10

Davíð Þór Sigurðarson



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Merkingar frá sveitarfélaginu:





Fundargerð
Íþróttafélagið Höttur



Ósk Hattar um merkingu :



Fundargerð
Íþróttafélagið Höttur

